

26. maí

Reglugjörð þessi fellur úr gildi 1. júní 1910, nema hún hafi áður verið endurnýjuð.

Framanskráð reglugjörð staðfestist hjermeð samkvæmt framangreindum lögum 19. febr. 1886.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar og eptirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 26. maí 1905.

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

13. apríl

fyrir Vesturbarðastrandarsýslu um eyðing bandorma í hundum.

1. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi sýslunnar skal falið á hendur, að annast um lækning á hundum, eins og henni þykir bezt við eiga, og útnefna sjer til aðstoðar fleiri eða færri menn, eptir stærð og þjettbýli hreppanna, og skulu allir þeir, er þannig eru skipaðir til að annast um lækning á hundum, skyldir til að hlýða, undantekningarlaust, ákvæðum hreppsnefndarinnar.

2. gr.

Lækning á hundum skulu hreppsnefndir láta fara fram á einum og sama degi í öllum hreppunum, tvisvar á ári hverju, í fyrra skiptið 20. dag aprilmánaðar, og í síðara skiptið 20. nóvember, eða, ef þetta eru helgidagar, þá næsta virkan dag á eptir.

3. gr.

Lækningunni skal hagað þannig:

Í hálfan sólarhring skal hafa hundinn inni, og má hann alls engan mat

fá, eða drykk, á meðan. Síðan skal gefa hundinum inn að minnsta kosti 5 grömm af arekadupti og eina matskeið af laxerolíu, hrærðu út í graut eða mjólk. Vana- 13. apríl
lega fær hundurinn kligju á eptir, en það verður að reyna að koma í veg fyrir, að hann selji upp upp fyrsta hálfa klukkutímann á eptir, með því að hafa af fyrir honum, vekja hug hans á einhverju, láta vel að honum, eða, ef það ekki dugar, gjöra hann sneyptan.

Hafi meðalið ekki verkað eptir 3 klukkustundir, skal gefa hundinum 1—2 matskeiðar af laxerolíu.

Pegar eptir að meðalið hefir verkað, skal baða hvern hund úr 3 % lysolvatni, ekki mjög köldu, og bursta vandlega allan skrokkinn á honum upp úr lysolvatninn, síðan láta hann strax inn í annað hlýtt hús og gefa honum að eta.

Meðan meðalið er að verka, ætti hundurinn að vera í einhverju útihúsi, þó ekki í fjárhúsum eða hlöðum.

Það, er gengur niður af hundinum, á að hreinsa vandlega upp og brenna síðan, eða grafa í jörðu, 2 álna djúpt að minnsta kosti.

4. gr.

Sjerhver eigandi er skyldur að flytja hund sinn á þann stað, er lækningamaður skipar, að minnsta kosti $\frac{1}{2}$ sólarhring áður en á að gefa hundinum inn. Sje hundi skotið undan lækningu, varðar það sektum, en valdi gild forföll, að hundur komi eigi til lækningar, skal eigandi sjá um, að honum sje komið til lækninga tafarlaust.

5. gr.

Hreppsnefndir skulu brýna fyrir mönnum, að hlýtt sje fyrirmælum 5. gr. í lögum nr. 18, 22. maí 1890 um að slátur það, sem sullmengað er, sje grafið svo djúpt í jörð niður, að hundar geti ekki náð því, eða það brennt.

6. gr.

Fyrir lækning og böðun á hverjum hundi skal greiða lækningamanni 50 aura í hvert sinn, en þá skal lækningamaður leggja til áhöld og annað, er til lækningarinnar þarf, að meðulum undan skildum. Allur annar kostnaður við lækninguna greiðist úr sýslusjóði.

7. gr.

Lækningarmaður sendi hreppsnefnd skýrslu um, hve mörgum hundum hann hafi gefið inn, á hve marga meðalið hafi verkað og úr hve mörgum hafi gengið bandormar o. s. frv., en hreppsnefnd semji aðalskýrslu, og sendi sýslunend fyrir árslok.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 1—10 króna sekt, er renni í sýslusjóð.

Mál, er rísa út af brotum gegn samþykkt þessari, skal fara með sem opinber lögreglumál.

59 Reglugjörð þessi kemur í staðinn fyrir reglugjörð þá, er sýslunefnd Vestur-
13. apríl Barðastrandarsýslu samþykkti á aukafundi 16. okt. 1895.

Samþykkt á sýslufundi 13. apríl 1905.

Sig. Eggerz.

Kristófer Sturluson.

Bjarni Loptsson.

Jón Th. Johnsen.

Jón Hallgrímsson.

Þorvaldur Jakobsson.

Auglýsing

60

3. maí

um ráðstafanir til varnar gegn útbreiðslu mislinga.

Eftir tillögum landlæknis og hjeraðslæknis er hjer með samkvæmt lögum 31. janúar 1896, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, skipað fyrir fyrst um sinn svo sem hjer segir:

1. Hinum almenna menntaskóla og öllum lægri skólum, bæði opinberum og þeim, er einstakir menn halda, skal lokað þegar í stað.
2. Almenn guðþjónustugjörð og allir opinberir mannfundir eru bannaðir.
3. Enginn, sem eigi hefir áður fengið mislinga, má fara nokkuð burtu úr Reykjavík eða af Seltjarnarnesi, hvorki á sjó nje landi.
4. Sje brotið á móti þessum fyrirskipunum, varðar það sektum eða fangelsi. Nánari auglýsing um sóttkvíun kemur á morgun.

Í stjórnarráði Íslands, 3. maí 1905.

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.

61

4. maí

Auglýsing.

Með því að mislingasótt er komin upp hjer í bænum, eru hjer með eftir tillögu landlæknis og hjeraðslæknis, í sambandi við auglýsingu stjórnarráðsins dags. í gær, og samkvæmt lögum 31. janúar 1896, fyrirskipaðar fyrst um sinn þessar sóttvarnarráðsstafanir.

A. *Fyrirskipanir, sem miða til þess að hepta útbreiðslu veikinnar innan bæjar.*

1. Öllum barnaskólum, og unglingaskólum, stórum og smáum er lokað.
2. Messur, almennir mannfundir, og hverskonar fjölmennar samkomur eru bannaðar.
3. Það er skylda hvers húsráðanda að leita læknis tafarlaust, ef minnstu líkur eru til þess, að mislingar sjeu komnir á heimilið.
4. Það er skylda lækna í bænum að gera hjeraðslækni tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við sóttina.